



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 3. nóvember 2016

Ákvörðun nr. 31/2016

Kaup Árvakurs hf. á útvarpsrekstri K100 og Retro 895

I.

Málavextir og málsmeðferð

Upphaf þessa máls má rekja til þess að Samkeppniseftirlitinu barst með bréfi þann 7. október 2016 tilkynning um kaup Árvakurs hf. (hér eftir Árvakur) á útvarpsrekstri K100 og Retro 895. Bréfinu fylgdi samrunaskrá, sbr. 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna með síðari breytingum. Með bréfi, dags. 12. október 2016, barst viðauki við samrunatilkynningu þar sem veittar voru nánari upplýsingar um samrunann og áhrif hans á fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, sbr. 8. mgr. 62. gr. b fjölmiðlalaga nr. 38/2011.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 14. október 2016, var samrunaaðilum tilkynnt að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga og fjölmiðlalaga, sbr. reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og reglur nr. 901/2011 um breytingar á þeim reglum. Í ljósi þess hefðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga byrjað að líða frá og með 13. október 2016.

Um er að ræða samruna sem fellur undir bæði samrunaákvæði samkeppnislaga og 62. gr. b fjölmiðlalaga. Samkvæmt því ákvæði skal Samkeppniseftirlitið afla umsagnar fjölmiðlanefndar um áhrif samruna á fjölræði og/eða fjölbreytni á þeim markaði eða mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveita eða fjölmiðlaveitur starfa. Var það gert með bréfi, dags. 14. október 2016, en frestur til að skila umsögninni var veittur til 25. október s.á. Umsögn fjölmiðlanefndar barst þann 24. október sl. og verður nánar vísað til hennar eftir því sem við á hér á eftir.

II.

Samruninn

Í samrunatilkynningunni kemur það fram að samruninn feli það í sér að Árvakur kaupi rekstur útvarpsstöðvanna K100 og Retro 895 af Símanum hf. Með rekstrinum fylgi það lausafé sem tilheyrir rekstri útvarpsstöðvanna, aðild að samningum um hugbúnað, aðild að samningum við viðskiptavini, starfsfólk og verktaka auk leyfa fyrir tíðniheimildir útvarpsstöðvanna.



Fram kemur að Árvakur sé útgáfufélag Morgunblaðsins sem reki fréttarvefinn mbl.is auk fleiri vefmiðla, þ.m.t. finna.is, blog.is og Iceland Monitor. Dótturfélag Árvakurs er Landsprent ehf. sem er sérhæfð blaðaprentsmiðja sem býður upp á prentun og dreifingu ásamt fjölbreyttri þjónustu við útgáfu á kynningar- og auglýsingaefni. Þá kemur fram að Árvakur sé í 99% eigu eignarhaldsfélagsins Þórsmörkur ehf. (hér eftir Þórsmörk) og 1% eigu Legalis sf. en Þórsmörk er í dreifðu eignarhaldi fjölmargra aðila. Ekkert hlutahafasamkomulag sé í gildi milli hluthafa Þórsmörkur um stjórn Árvakurs og því verði ekki talið að um yfirráð einstakra aðila yfir félaginu sé að ræða.

Samkvæmt dagskrárstefnum K100 og Retro er tilgangurinn að miðla tónlist. Í dagskrárstefnu K100 kemur fram að markhópur útvarpsstöðvanna sé fólk á aldrinum 20-40 ára, fyrst og fremst konur. Dagskrárstefna Retro 895 felst í að útvarpa tónlist frá 1960-1980 fyrir konur og karla en markhópur útvarpsstöðvarinnar er aldurshópurinn 40-60 ára.

Fram kemur að ekki liggi fyrir sérstök áform um breytingu á rekstri útvarpsstöðvanna í kjölfar samrunans. Þá er það mat samrunaaðila að ekki sé að verða breyting á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði með yfirfærslu útvarpsstöðvanna til Árvakurs heldur sé fremur verið að tryggja rekstrargrundvöll útvarpsstöðvanna sem séu mjög litlar á markaði. Samruninn sé þannig til þess fallinn að styrkja mjög litla aðila á markaðnum og þannig auka fjölbreytni. Með yfirtökunni sé Árvakur, sem ekki hafi áður rekið útvarpsstöðvar að auka fjölbreytni í rekstri sínum en að sama skapi sé sá rekstur að hverfa frá Símanum. Ekki sé þó að verða nein breyting á framboði og/eða innihaldi fjölmiðlaefnis við samrunann. Hvað fjölræði varði þá séu yfirráð yfir útvarpsstöðvunum að færast frá Símanum til Árvakurs. Þar sem Árvakur hafi ekki áður verið í útvarpsrekstri verði ekki séð að um samþjöppun sé að ræða á markaðnum þannig að það hafi áhrif á fjölræði. Þá er það mat samrunaaðila að samruninn sé ekki til þess fallinn að raska samkeppni eða hafa samkeppnishamlandi áhrif enda starfa samrunaaðilar ekki á sömu mörkuðum auk þess sem ekki sé að verða breyting á markaðshlutdeild útvarpsveitna.

Að mati samrunaaðila mun áhrifa vegna samrunans einkum gæta á mörkuðum fyrir útgáfu dagblaða annars vegar, enda gefur Árvakur út Morgunblaðið og starfar á þeim markaði og hins vegar á markaði fyrir dagblaðaprentun en Landsprent hf. sem er í eigu Árvakurs starfar á þeim markaði. Þá vísa samrunaaðilar til þess að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2009 *Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins ehf. og Pósthússins ehf.* hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að markaður fyrir útgáfu dagblaða, markaður fyrir auglýsingar, markaður fyrir prentun dagblaða og markaður fyrir dreifingu dagblaða væri hver um sig sjálfstæður markaður. Þá hefur rekstur fjölmiðla verið talinn skiptast í undirmarkaði, t.a.m. hljóðvarp, sjónvarp og vefmiðla sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2015 *Kaup Pressunar ehf. á tólf blöðum sem Fótspor ehf. gaf út.* Samkvæmt þessu starfi hinar keyptu útvarpsstöðvar á hljóðvarpsmarkaði. Þá telja samrunaaðilar að landfræðilegi markaðurinn í málinu séu þeir þéttbýlisstaðir þar sem hinar seldu útvarpsstöðvar nást, nánar tiltekið í Reykjavík, á Ísafirði, í Bolungarvík, á Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmanneyjum.

III.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað



fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Sambærilegar reglur eiga við samkvæmt 62. gr. b fjölmiðlalaga, þegar um er að ræða samruna þar sem a.m.k. ein fjölmiðlaveita á aðild að.

Eins og getið er að framan er um að ræða samruna sem fellur undir bæði samrunaákvæði samkeppnislaga og 62. gr. b fjölmiðlalaga, sbr. breytingarlög nr. 54/2013. Í ákvæðinu kemur fram að tilkynna skuli Samkeppniseftirlitinu um samruna sem a.m.k. ein fjölmiðlaveita með minnst 100. m. kr. ársveltu á Íslandi á aðild að. Samkvæmt samrunatilkynningunni er Árvakur fjölmiðlaveita sem uppfyllir framangreinda kröfu. Við mat á lögmæti slíks samruna skal Samkeppniseftirlitið því annars vegar taka til skoðunar hvort samruninn kunni að hafa skaðleg áhrif á fjölræði og/eða fjölbreytni í fjölmiðlum á þeim markaði eða mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveita eða fjölmiðlaveitur starfa á. Hins vegar skal Samkeppniseftirlitið taka til skoðunar hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða myndist eða styrkist eða til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Skilgreining fjölmiðlalaga á samruna og yferráðum er sambærileg þeirri skilgreiningu sem er að finna í 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaákvæði fjölmiðlalaga

Í 8. mgr. 62. gr. b laganna er kveðið á um efnislegt mat Samkeppniseftirlitsins á áhrifum samruna á fjölræði og/eða fjölbreytni í fjölmiðlum á þeim markaði eða mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveita eða fjölmiðlaveitur starfa. Hugtökin fjölbreytni og fjölræði eru ekki skilgreind í lögnum en í greinargerð með lögum nr. 54/2013 sem breyttu fjölmiðlalögum kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Með hugtakinu fjölræði í fjölmiðlum er þannig vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yferráðum fárra aðila. Dreift eignarhald á fjölmiðlum er talið tryggja betur að ritstjórnarefni fjölmiðla endurspegli ólík sjónarmið. Hugtakið fjölbreytni í fjölmiðlum hefur margháttða merkingu og vísar jafnt til þess að fjölbreytt efni sé í boði, að það efni og sjónarmið sem fram kemur sé fjölbreytt og sett fram á ólíkan hátt fyrir notendur, að mismundandi hópar og einstaklingar samfélagsins fái notið sín í fjölmiðlum og höfðað sé til þeirra með fjölbreyttum hætti, og að efni frá ólíkum landssvæðum nái jafnframt til annarra landssvæða en þar sem það er framleitt. Fjölbreytni að þessu leyti felur bæði í sér að í boði sé margbreytilegt efni, svo sem fréttir, menningarefni, fræðsluefni, íþróttir o.fl., og eða efnistösk endurspegli fjölbreytt viðhorf.“

Í 8. mgr. 62. gr. b laganna kemur fram að Samkeppniseftirlitið skuli afla umsagnar fjölmiðlanefndar um áhrif samrunans á fjölræði og/eða fjölbreytni í fjölmiðlum. Í almennum athugasemdum með lögum nr. 54/2013 sem breyttu fjölmiðlalögum segir eftirfarandi um þetta atriði:

„Þá var rætt um það á vettvangi nefndarinnar að framkvæmd slíkra reglna verði með einum eða öðrum hætti að fara fram í samvinnu Samkeppniseftirlitsins og fjölmiðlanefndar þó svo að hin endanlega framkvæmd verði á hendi Samkeppniseftirlitsins.“



Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd veiti Samkeppniseftirlitinu umsögn áður en ákvörðun er tekin og með því tryggt að sú sérþekking sem þar er til staðar um fjölmiðlamarkaði hér á landi nýtist Samkeppniseftirlitinu við mat sitt. Þá er gert ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd geti beint tilmælum til Samkeppniseftirlitsins um að grípa til aðgerða gegn skaðlegum aðstæðum á einstökum fjölmiðlamörkuðum."

Með vísan til framangreinds aflaði Samkeppniseftirlitið umsagnar hjá fjölmiðlanefnd eins og áður hefur komið fram. Í umsögn nefndarinnar kemur m.a. fram að þrátt fyrir að Morgunblaðið sé meðal mest lesnu dagblaða landsins þá geti hvorki miðlar Árvakurs né útvarpsstöðvar Símans talist vera í markaðsráðandi stöðu á landsvísu á markaði fyrir dagblað, vefmiðla, fyrir hljóðvarp eða fyrir auglýsingar.

Með kaupum Árvakurs á útvarpsstöðvunum K100 og Retro 895 færast eignarhald tveggja útvarpsstöðva frá einni skráðri fjölmiðlaveitu til annarrar en ekki er þó um að ræða tilkomu nýrra rekstraraðila á fjölmiðlamarkaði. Báðar fjölmiðlaveiturnar eru í eigu margra ólíkra aðila. Að mati fjölmiðlanefndar fela þessar breytingar ekki í sér samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sem áhrif hafi á fjölræði á markaði. Þá telur fjölmiðlanefnd ekki að starfsemi Árvakurs annars vegar og K100 og Retro 895 hins vegar skarist á markaði, heldur starfi þessir fjölmiðlar á ólíkum mörkuðum. Vissulega styrki Árvakur hins vegar stöðu sína sem eitt af fjórum stærstu fjölmiðlafyrirtækjum á íslenskum fjölmiðlamarkaði með umræddum kaupum auk kaupanna á Eddu útgáfu ehf. sem tilkynnt voru Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dagsettu 7. október 2016.

Þá er það mat fjölmiðlanefndar að breytingarnar sem leiði af fyrirhuguðum samruna séu til þess fallnar að auka og styrkja samkeppni stærstu fjölmiðlafyrirtækjanna á hérlandum fjölmiðlamarkaði þannig að þau verði færari um að mæta samkeppni frá erlendum aðilum enda séu íslenskir fjölmiðlar í auknum mæli í samkeppni við erlenda afþreyingarmiðla og þurfi að bregðast við þeirri samkeppninni með því að bjóða gott efni á samkeppnishæfu verði.

Að lokum kemur fram að þrátt fyrir að ekki séu uppi sérstök áform hjá Árvakri um breytingar á rekstri útvarpsstöðvanna megi ráða af samrunatilkynningunni að einhverjar breytingar kunni að vera gerðar í framtíðinni og þá með þeim hætti að útvarpstöðvarnar verði eflar og styrktar. Þá segir í samrunatilkynningunni að samruninn sé til þess fallinn að tryggja rekstrargrundvöll útvarpsstöðvanna sem séu mjög litlar á markaði. Að mati fjölmiðlanefndar geti það aðeins verið til bóta að efla og styrkja umrædda fjölmiðla til að auka markaðshlutdeild þeirra.

Með vísan til alls sé því niðurstaða fjölmiðlanefndar að umræddur samruni hafi ekki skaðleg áhrif á fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun á þeim mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveitur starfa.

2. Mat Samkeppniseftirlitsins

Eins og áður hefur komið fram er það mat samrunaaðila að áhrifa vegna samrunans muni einkum gæta á mörkuðum fyrir útgáfu dagblaða, dagblaðaprentun og á hljóðvarpsmarkaði. Þá vísa samrunaaðilar til þess að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2009, hafi verið



komist að þeirri niðurstöðu að markaður fyrir útgáfu dagblaða, markaður fyrir auglýsingar, markaður fyrir prentun dagblaða og markaður fyrir dreifingu dagblaða væri hver um sig sjálfstæður markaður auk þess sem rekstur fjölmiðla hefur verið talinn skiptast í undirmarkaði, t.a.m. hljóðvarp, sjónvarp og vefmiðla, sbr. ákvörðun nr. 33/2015. Þá telja samrunaaðilar að landfræðilegi markaðurinn í málinu sé þeir þéttbýlisstaðir þar sem hljóðvarp hinna seldu útvarpsstöðvar næst, nánar tiltekið í Reykjavík, á Ísafirði, Bolungarvík, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmanneyjum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekkert sem hefur komið fram við rannsókn málsins sem gefur ástæðu til þess að breyta þessu mati varðandi markað fyrir hljóðvarp í málnu. Hins vegar er ljóst að Morgunblaðinu er dreift um land allt og á markaði fyrir útgáfu dagblaða er ljóst að landfræðilegur markaður er landið allt.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Eins og áður segir er Árvakur útgáfufélag Morgunblaðsins en Morgunblaðið er meðal mest lesnu dagblaða landsins samkvæmt mælingum Gallups. Gallup hefur einnig tekið saman mælingar yfir útvarpshlustun en samkvæmt þeim mælingum var hlustun á K100 fyrstu 40 vikur ársins innan við 4% í aldursflokknum 12-80 ára. Á sama tíma var hlustun á Retro 895 rétt um 1% í sama aldursflokki. Þegar aldursflokkurinn 12-49 ára var skoðaður reyndist hlutdeild Retro 895 innan við 2,5% og hlutdeild K100 innan við 10% á fyrstu fjórtíu vikum ársins. Má því vera ljóst að um mjög litla aðila er að ræða á markaðnum en einn tilgangur samrunans er einmitt að styrkja þá aðila og auka þannig fjölbreytni.

Þrátt fyrir að Árvakur teljist vera eitt af fjórum stærstum fjölmiðlafyrirtækjum á íslenskum fjölmiðlamarkaði verður hvorugur samrunaaðila talinn vera markaðsráðandi á mörkuðum málsins og er því ljóst að samruninn hefur ekki í för með sér styrkingu á markaðsráðandi stöðu sem ella gæti leitt til íhlutunar. Þá leiðir samruninn heldur ekki til þess að markaðsráðandi staða eins eða fleiri samrunaaðila verði til. Ekki verður heldur séð að samruninn raski samkeppni að öðru leyti.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins byggir á því að samruninn hafi ekki í för með sér röskun á samkeppni og því sé ekki þörf á íhlutun eftirlitsins í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

Samkeppniseftirlitið er einnig sammála því sem fram kemur í mati fjölmiðlanefndar og telur að ekki séu miklar líkur á því að samruninn sem hér er til umfjöllunar kunnir að hafa skaðleg áhrif á fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlum á mörkuðum málsins. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki þörf á að ógilda samrunann eða setja honum skilyrði á þeim grundvelli.

Að undangenginni rannsókn og í ljósi alls framangreinds, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að kaup Árvakurs á útvarpsrekstri K100 og Retro 895 hafi í för með sér að samkeppni, fjölræði eða fjölbreytni á mörkuðum



málsins raskist með umtalsverðum hætti þannig að þörf sé á íhlutun. Eru því ekki forsendur til að aðhafast vegna samrunans.

**IV.
Ákvörðunarorð**

„Kaup Árvakurs hf. á útvarpsrekstri K100 og Retro 895 fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson